

## Tillaga til þingsályktunar

um setningu laga um lýðræðisleg fyrirtæki.

Flm.: Birgitta Jónsdóttir, Lilja Mósesdóttir, Margrét Tryggvadóttir,  
Mörður Árnason, Þór Saari.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að láta vinna frumvarp til laga um starfsemi lýðræðislegra fyrirtækja og stofnana. Við þá vinnu verði litið til annarra ríkja sem sett hafa sambærilega löggjöf. Ráðherra gefi Alþingi munnlega skýrslu um framvindu verkefnisins á þriggja mánaða fresti.

### Greinargerð.

Á þessu ári sem Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst ár lýðræðislegra fyrirtækja (International Year of Cooperatives) er viðeigandi að Íslendingar setji ný lög um rekstur slíkra fyrirtækja. Það er ekki tilviljun að Sameinuðu þjóðirnar telji lýðræðisleg fyrirtæki góð og vinni að framgöngu þeirra. Rannsóknir sýna að ekki aðeins séu lýðræðislega rekin fyrirtæki færari að takast á við efnahagslega erfiðleika, heldur einnig að þar sé ánægja fólks meiri. Meðlimum lýðræðislegra rekinna fyrirtækja líður betur í vinnu og í einkalífi. Alþjóðavinnuálagstofnunin segir í skýrslu sinni frá 2009 að lýðræðisleg fyrirtæki séu líklegri til að standa af sér kreppur og aðrar sveiflur í hagkerfinu og auki við stöðugleika og sjálfbærni hagkerfis.

Lýðræðisleg fyrirtæki hafa verið skilgreind sem sjálfstæður og óháður félagsskapur fólks sem vinnur saman af fúsum og frjálsum vilja að sameiginlegum efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þörfum og málefnum og gerir það í gegnum lýðræðislega rekið félag eða fyrirtæki.

Lýðræðisleg fyrirtæki eru að mestu leyti lík þeim fyrirtækjum sem við búum við á Íslandi, nema að því leyti að þeim er stjórnað á annan hátt og eignarhald er sameiginlegt. Aðalmunurinn er sá að í lýðræðislegum fyrirtækjum eru eigendurnir starfsmenn fyrirtækisins og það eru jafnframt þeir sem taka allar stærstu ákvarðanir um framtíð og rekstur fyrirtækisins. Ákvarðanir eru teknar lýðræðislega og hver starfsmaður hefur eitt atkvæði óháð því nákvæmlega hvaða starfi hann gegnir.

Lýðræðisvæðing á sviði efnahagslífsins er nauðsynleg. Til að samfélag geti að fullu kallað sig lýðræðisríki má það svið ekki vera undanskilið. Raunverulegt lýðræði felur í sér að allir hafi jafnan rétt og í raun hljóta það að teljast mannréttindi að hafa ákvörðunarvald í tilveru sinni. Í lýðræðislega reknu fyrirtæki eða félagi hefur hver meðlimur eitt atkvæði. Meðlimir kjósa sér stjórnendur, stjórn, ákvarða launastefnu, stefnu fyrirtækisins og allt það sem þarf að taka ákvörðun um. Fyrirtækin geta verið ólík og það þurfa lög og reglur að endurspegla. Þau þurfa að tryggja ákveðin grunnréttindi, þar á meðal að meðlimir hafi jafnan atkvæðisrétt og atkvæðisvægi, jöfn tækifæri, gagnsæi og fleira.

Einstaklingarnir sem mynda samfélagið eru fullfærir um að stjórna sjálfum sér, í samstarfi við aðra. Ekki er þörf á fjarverandi hluthöfum til að efla fólk, atvinnulífið eða hagsæld. Lýðræðislega rekin fyrirtæki setja fólk í forgrunn en ekki fjármagn vegna þess að þeir sem

stjórna fyrirtækinu og þeir sem starfa hjá því eru sami hópurinn. Ákvarðanir eru teknar með tilliti til þarfa starfsmanna og þarfa rekstursins. Í núverandi skipulagi fámennisstjórnar eru ákvarðanir sjaldnast teknar með tilliti til þarfa starfsmanna og oft með skammtímasjónarmið í huga.

Lög um lýðræðisleg fyrirtæki þurfa að vera nothæf fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þau þurfa að vera hvetjandi og aðlaðandi kostur fyrir hvern þann er hyggst stofna fyrirtæki. Lögin þurfa að tryggja að umhverfið sé hagstætt og að slík fyrirtæki fái nauðsynlegan stuðning, a.m.k. til að byrja með. Nefna má að löggjöfin á Spáni hefur reynst vel fyrir lýðræðislegan fyrirtækjarekstur þar í landi, en sjöunda stærsta fyrirtæki Spánar er lýðræðislegt fyrirtæki ([www.mondragon-corporation.com](http://www.mondragon-corporation.com)).

#### *Alþjóðleg viðmið, lög og rannsóknir.*

Alþjóðlegu samtökin ICA eða International Cooperative Alliance ([www.ica.coop](http://www.ica.coop)) eru sjálfstætt starfandi regnhlífarsamtök fyrir lýðræðisleg fyrirtæki (stofnuð 1895). Þau tengjast 249 lýðræðislegum samvinnusamtökum/fyrirtækjum í 94 löndum. Þau eru fulltrúar fyrir um einn milljarð manna. ICA vinnur samvinnuhugmyndinni brautargengi, sér m.a. um fræðslu, útgáfustarfsemi og veitir meðlimum sínum aðstoð og stuðning.

Viðmið ICA eru að lýðræðislega rekin fyrirtæki starfi á grundvelli sjálfshjálpar, sjálfs-ábyrgðar, lýðræðis, jafnréttis, jafnaðar og samstöðu. Í anda samvinnuhreyfinga keppast lýðræðisleg fyrirtæki síðan að því að leggja stund á hreinskilni, gagnsæi, félagslega samábyrgð og umhyggju fyrir öðrum.

Atriði sem ICA benda á að séu mikilvæg varðandi velgengni lýðræðislegra fyrirtækja eru Rochdale-gildin sem eru eins konar leiðsagnarreglur fyrir lýðræðisleg fyrirtæki. Meginreglur lýðræðislegra fyrirtækja (Rochdale-gildin 1844) eru eftirfarandi ([www.ica.coop/coop/principles.html](http://www.ica.coop/coop/principles.html)):

- Opinn og frjáls aðgangur: Lýðræðisleg fyrirtæki eru opin öllum sem eru tilbúnir að gangast við þeim skyldum og þeirri ábyrgð sem aðild að viðkomandi fyrirtæki felur í sér, án tillits til kynferðis, félagslegrar stöðu, þjóðernis, pólitískra eða trúarlegra viðhorfa.
- Lýðræðisleg stjórn félagsmanna: Lýðræðislegum fyrirtækjum er stjórnað af starfsmönnum sínum, er taka virkan þátt í mótun stefnu og ákvarðanatöku.
- Efnahagsleg þátttaka félagsmanna: Starfsmenn leggja jafn mikið fjármagn í reksturinn og stjórna hlutafé þess á lýðræðislegan hátt. Einhver hluti fjármagns er að jafnaði sameign meðlima. Meðlimir fá einungis endurgreiddan hluta þess fjár sem lagður er til rekstursins í upphafi þátttöku. Meðlimir ráðstafa tekjuafgangi að einhverju leyti eða öllu leyti í eftirfarandi: í uppbyggingu rekstursins, t.d. varasjóð (sem er að hluta til óafturkræft); í greiðslur og þóknun til meðlima og til að styðja aðra starfsemi sem meðlimir fyrirtækisins hafa samþykkt að styrkja.
- Sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttur: Lýðræðisleg fyrirtæki eru óháðar og sjálfstæðar sjálfshjálparstofnanir sem lúta stjórn meðlima sinna. Ef þau gangast undir samninga við aðrar stofnanir, þar með talin ríki, eða safna fjármagni frá utanaðkomandi aðilum, þá gera þau það á þann hátt sem tryggir lýðræðislega stjórn meðlima sinna og svo að þau haldi fullu sjálfstæði og verði áfram óháð.
- Menntun, þjálfun og upplýsingar: Lýðræðisleg fyrirtæki sjá meðlimum, kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsmönnum sínum fyrir fræðslu og þjálfun svo þeir geti lagt sitt af mörkum til fyrirtækisins. Þau skulu fræða almenning um kosti lýðræðislega rekinna fyrirtækja.

- Samvinna samvinnufyrirtækja: Lýðræðislega rekin fyrirtæki þjóna samvinnuhreyfingunni best með því að vinna með og styðja við önnur lýðræðislega rekin fyrirtæki, hvar svo sem í heiminum þau eru.
- Umhyggja fyrir samfélaginu: Lýðræðislega rekin fyrirtæki vinna að uppbyggingu í samfélaginu á sjálfbæran og mannúðlegan hátt í gegnum stefnumótun sem er samþykkt af meðlimum.

ICA bendir á bæklinga sem verkfæri við smíði laga um samvinnufyrirtæki. Bæklingarnir eru gefnir út af Overseas Cooperative Development Council (OCDC) sem eru bandarísk samtök sem beita sér í kynningu á samvinnurekstrarforminu. Á þeirra vegum er verkefnið CLARITY eða Cooperative Law and Regulation Initiative. Bæklingana er hægt að nálgast á vefslóðinni: [www.clarity.coop](http://www.clarity.coop).

Þau atriði er mestu skipta í lagamma fyrir samvinnufyrirtæki eru skv. OCDC eftirfarandi (á við um fyrirtæki á einkamarkaði en ekki um stofnanir á vegum ríkisins og enduróma Rochdale-gildin):

- Tryggja þarf lýðræðislega stjórn meðlima: Lögin verða að vernda og tryggja lýðræðislega stjórn meðlima í samvinnufyrirtæki. Það skulu alltaf vera meðlimirnir sjálfir sem stjórná fyrirtækinu.
- Tryggja sjálfræði og sjálfstæði: Samvinnufyrirtæki tilheyra einkageiranum. Lögin verða að tryggja sjálfræði og sjálfstæði þeirra frá ríkisstjórn, einstaklingum, eða hverjum öðrum utan starfsmanna samvinnufyrirtækisins.
- Tryggja að aðgangur sé opinn og frjálss: Lögin verða að vernda hinn opna og frjálsa aðgang er felst í samvinnufyrirtækjum. Allar ákvarðanir, er varða aðgang, skulu vera í höndum starfsmanna sjálfrá en ekki í höndum ríkis eða bundið í lög.
- Fjárhagsleg þátttaka meðlima: Lögin skulu tryggja að starfsmenn gangist við þeirri ábyrgð og skyldum er fylgja fyrirtækinu, þ.m.t. eru þær skyldur að leggja jafnan hlut til í sjóð og stjórn á lýðræðislegan hátt öllu fjármagni fyrirtækisins.
- Jöfn meðhöndlun: Lögin eiga að styðja samvinnufyrirtæki í sama mæli og önnur fyrirtæki í sama geira, en taka þó tillit til sérstöðu samvinnufyrirtækja. Stjórnsýsla gagnvart samvinnufyrirtækjum skal vera sú sama og fyrir aðrar tegundir fyrirtækja.
- Tryggja aðgang að mörkuðum: Regluverk fyrir tiltekna markaði ætti að veita sambærileg tækifæri, hvata og stuðning sem gerir lýðræðislegum fyrirtækjum kleift að starfa.
- Regluverk skal vera samræmt og skilvirkt: Regluverk um lýðræðisleg fyrirtæki ætti að vera einfalt, sjálfljóst, og skilvirkt; það ætti að takmarka tafir, skriffinnsku og hindranir á eðlilegri starfsemi fyrirtækisins eftir megni; og ætti að komast hjá árekstrum við önnur lög. Regluverk, sem lýtur að lýðræðislegum fyrirtækjum, ætti að vera í höndum þeirrar stofnunar sem hefur mestu sérhæfðu þekkinguna á því sviði.
- Vernda lagaleg réttindi: Lýðræðisleg fyrirtæki og aðilar að þeim ættu að hafa fulla lagaleg réttindi.
- Forðast hagsmunaárekstra: Hlutverk ríkisins í eftirfylgni laganna, ágreiningur, úrlausn, leyfisveitingar og kynningar skulu gerðar á þann hátt sem forðast endurtekningar, utanadkomandi áhrif og minnkar hagsmunaárekstra.

Alþjóðavinnuálagastofnunin (ILO) hefur einnig gefið út leiðbeiningar fyrir lagasetningu um lýðræðisleg samvinnufyrirtæki. Þann bækling er hægt að nálgast hér:

[www.2012.coop/sites/default/files/attachments/Guidelines%20for%20Co-op%20Legislation.pdf](http://www.2012.coop/sites/default/files/attachments/Guidelines%20for%20Co-op%20Legislation.pdf).

Tilmæli frá Alþjóðavinnuálagastofnuninni um framgang lýðræðislegra samvinnufyrirtækja frá 2002 má finna hér:

[www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:12100:0::NO::P12100\\_INSTRUMENT\\_ID:312531](http://www.ilo.org/dyn/normlex/en/f?p=1000:12100:0::NO::P12100_INSTRUMENT_ID:312531).

Einnig eru önnur atriði sem huga þarf að og hafa til hliðsjónar við smíði nýrrar löggjafar á þessu sviði. Ef hefðbundin fyrirtæki kjósa að breyta um fyrirkomulag og verða samvinnurekstur þá þarf það að vera auðvelt. Ferlið má ekki vera þungt og flókið. Skráning þarf að vera auðveld og ætti hún að fara fram í sömu stofnun og hefðbundin fyrirtæki eru skráð í. Það er óþarfi að aðgreina lýðræðislega formið frá hefðbundnu. Það á að lúta sömu lögmálum og önnur rekstrarform, enda skal lýðræðislega formið talinn eðlilegur og ákjósanlegur valkostur fyrir ný fyrirtæki. Ríkið ætti að kynna samvinnurekstrarformið og hvetja til þess líkt og Sameinuðu þjóðirnar mælast til, standa fyrir ábyrgu upplýsingaflæði til almennings og veita stuðning til samvinnufyrirtækja. Lýðræðisleg fyrirtæki þurfa aðgang að þolinmóðum peningum og hagstæðum lánnum til að byrja með. Vert er að hvetja til sjálfbærni, upplýsa um mögulegar leiðir og til dæmis bjóða upp á lægri kostnað fyrir þau fyrirtæki er taka upp almennilega umhverfisstefnu. Í dag er engin skylda, hvorki hjá opinberum stofnunum né hjá fyrirtækjum á einkamarkaði, að taka upp umhverfissvæna stefnu. Ef hefðbundið fyrirtæki fer í þrot ætti það að vera fyrsti valkostur í gjaldþrotameðferð að bjóða starfsmönnum að taka fyrirtækið yfir og reka það áfram í sameiningu sem lýðræðislegt fyrirtæki.

Dæmi um lýðræðisleg fyrirtæki er Mondragón sem er sjöunda stærsta fyrirtæki á Spáni með hátt í 100 þúsund meðlimi og starfsmenn. Það var stofnað árið 1956 og hefur frá upphafi starfað í anda samvinnu, setur fólk í forgang en ekki fjármagn og leggur áherslu á raunverulegt lýðræði með eitt atkvæði á mann. Fyrirtækið skiptist í fjórar aðaldeildir á sviði fjármála, iðnaðar, smásölu og þekkingar. Það framleiðir allt frá smáhlutum í stórvirkar vinnuvélar yfir í þvottavélar og lyftur og er leiðandi í nýsköpun. Mondragón-samsteypan er stærsta samvinnufyrirtæki í heiminum í dag ([www.mondragon-corporation.com](http://www.mondragon-corporation.com)). Samkvæmt fréttum BBC mælist atvinnuleysi á Spáni 25% en í Mondragón-héraði aðeins um 15% (vefur BBC 14. ágúst 2012: [www.bbc.co.uk/news/world-europe-19213425](http://www.bbc.co.uk/news/world-europe-19213425)). Annað dæmi er Rainbow Grocery sem er matvöruverslun í San Fransisco sem leggur áherslu á lýðræði og sjálfbærni, rækt við meðlimi sína og viðskiptavinum ([www.rainbow.coop](http://www.rainbow.coop)). Hún er stofnuð og rekin í sjálfbodaðavinnu af nokkrum áhugamönnum um bætteri næringu en er nú verslun með um 260 starfsmenn sem allir hafa atkvæðisrétt.